

SAMEVRÓPSKI
VIÐMIÐUNARRAMMI FYRIR
TÁKNMÁL

Uppfærð viðmið
miðast við CEFR viðaukann frá 2018



Samskiptamiðstöð
heyrnarlausra og heyrnarskertra

Útgefandi: Samskiptamiðstöð heyrnarlausdra og heyrnarkertra

Útgáfustaður: Reykjavík

Útgáfuár: 2021

1. útgáfan

Vinna að þýðingu og aðlögun viðmiða að ÍTM hefur staðið fra 2013. Þeir sem hafa komið að þessari vinnunni fyrir hönd Samskiptamiðstöðvar eru Árný Guðmundsdóttir, Hólmfríður Þóroddsdóttir, Kristín Lena Þrovladsdóttir og Nedelina Ivanova. Viðmiðin voru túlkuð á ÍTM og er þýðingin unnin fyrir starsfmenn Samskiptamiðstöðvar. Iðunn Ása Óladóttir og Sigurður Jól Vigfússon túlkuðu viðmiðin. Guðni Rósmundsson sá um alla tæknivinnu.

Efnisyfirlit

FYRIR A1	4
A1	9
A2	20
B1	37
B2	57

Uppfærsla viðmiða fyrir C1 og C2 eru í vinnslu.

Viðmiðunum er raðað hér frá því auðveldasta til þess erfiðasta.

FYRIR A1

FYRIR-A1

Táknmálsfærni			
Málvísindi	Almenn málvísindaleg efni	Getur skilið og notað stök tákn (að kynna sig, liti og fingrastöfun). Getur skilið merkingarbær látbrigði.	
	Nákvæmni táknmálsins	Getur áttáð sig á að tákn séu mynduð með höndum, svipbrigðum, látbrigðum, munnhreyfingum o.s.frv. en ekki rödd. Kann skil á mikilvægi látbrigða í ÍTM.	
	Vald á hljóðkerfisfræði	Getur skilið að liðleiki í fingrum sé mikilvægur, skýr svipbrigði skipti máli, líkamleg látbrigði séu merkingabær o.s.frv. Getur áttáð sig á grunneiningunum fimm. Getur áttáð sig á handrofinu.	
	Táknaforði	Getur játað/neitað með því að kinka kolli eða hrista höfuð. Getur heilsað með látbrigðum/svipbrigðum og tákni.	
	Vald á táknaforða	Engin útlistun tiltæk	
	Málnotkun	Uppbygging texta /Samhengi og samloðun	Engin útlistun tiltæk
		Uppsetning og rými	Kann skil á notkun táknrýmisins
		Framsetning og áhrif /Nákvæmni fullyrðinga	Getur á einfaldan hátt komið til skila mjög einföldum upplýsingum um persónuleg atriði, t.d nafn.
	Flæði tákunar	Getur sagt mjög stuttar, einangraðar og fyrirfram æfðar yrðingar með því að nota látbragð og biðja um hjálp þegar þörf er á.	
	Sveigjanleiki	Engin útlistun tiltæk	
	Frásagnir	Engin útlistun tiltæk	
	Beðið um orðið	Engin útlistun tiltæk	
Félagsmál vísindi	Félagsmálvísindalega viðeigandi og menningarleg kunnátta	Getur gefið orðið: ÞÚ HEITA HVÆÐ?	
		Getur heilsað og kvatt á ÍTM.	
		Kann skil á hugtakið döff.	

FYRIR-A1

SKILNINGUR		
Leiðir til samskipta	Heildarskilningur	Getur skilið stuttar og mjög einfaldar spurningar og staðhæfingar, ef þær eru tjáðar mjög skýrt og rólega, látbragð og bendingar eru notuð til að auka skilning og endurtekið er ef þörf er á. (t.d. ÞÚ HEITA HVAÐ? LITUR HVAÐ?)
	Skilningur er áhorfandans	Engin útlistun tiltæk
	Skilningur á útgefnu efni	Engin útlistun tiltæk
	Skilningur á samræðum milli móðurmálshafa	Engin útlistun tiltæk
	Að horfa á tilkynningar og fyrirmæli	Getur skilið HORFA-Á-MIG
	Að horfa á sjónvarp og kvikmyndir	Engin útlistun tiltæk
Aðferðir til samskipta	Að átta sig á merkingu og álykta	Getur giskað á merkingu tákns út frá mynd eða hlut

FYRIR-A1

TJÁNING

TJÁNING		
Leiðir til samskipta	Heildarfrásögn	Getur tjáð mjög stutta frasa með grunnupplýsingum um sig (t.d. nafn ÉG HEITA)
	EINTAL: Að segja frá reynslu	Getur sagt frá sjálfum sér (t.d. fingrastafað nafn og sagt til nafnatákns) eftir utanbókarlærdóm.
	EINTAL: Að færa rök fyrir máli sínu	Engin útlistun tiltæk
	EINTAL: Að gefa upplýsingar	Engin útlistun tiltæk
	Ávarpa áhorfendur	Engin útlistun tiltæk
	Tilkynningar	Engin útlistun tiltæk
Aðferðir til samskipta	Að vakta og laga	Engin útlistun tiltæk
	Viðbætur	Getur bent á eitthvað og spurt hvað það er með svipbrigðum og bendingum.
	Skipulagning	Engin útlistun tiltæk

FYRIR-A1

SAMSKIPTI		
Leiðir til samskipta	Heildarfærni í samskiptum	Getur spurt og svarað spurningum annarra um eigið nafn með því að nota fingrastöfun og einföld tákni sem hafa verið lærð utanbókar og látbragð til frekari upplýsinga.
	Samræður	Getur heilsað fólki og kvatt.
		Getur sagt nafnatákni sitt.
		Getur áttað sig á þegar fólk er að heilsast.
		Getur skilið og notað nokkur einföld tákni, eins og „já“, „nei“, „takk“, „nei takk“, „sömuleiðis“ sem lærð hafa verið utanbókar.
	Óformlegar samræður (milli vina)	Engin útlitun tiltæk
	Samræður í formlegri umgjörð (t.d fundir)	Engin útlitun tiltæk
	Markviss samvinna	Engin útlitun tiltæk
	Að skiptast á upplýsingum	Getur fingrastafað nafnið sitt og spurt aðra að nafni.
		Getur aflað sér upplýsinga með mjög einföldum spurningum eins og „Bend HVAD?“ og skilið 1-2 tákna svör. ÞÚ HEITA HVAD?
	Að taka og veita viðtal	Engin útlitun tiltæk
Viðskipti með vörur og þjónustu	Engin útlitun tiltæk	
Skilningur í samskiptum við móðurmálshafa/ annarra málshafa	Getur skilið einfaldar spurningar sem tengjast viðkomanda beint, t.d. um nafn að því tilskyldu að talað sé skýrt og rólega.	
Samskipti á netinu	Engin útlitun tiltæk	
Aðferðir til samskipta	Beðið um orðið	Engin útlitun tiltæk
	Samvinna	Engin útlitun tiltæk
	Beðið um útskýringu	Engin útlitun tiltæk

A1

A1

Táknmálsfærni		
Málvísindi	Almenn málvísindaleg efni	Hefur undirstöðuþekkingu á einföldum yrðingum um atriði í einkalífinu og ákveðnar þarfir.
	Nákvæmni táknmálsins	Getur byggt upp einfaldar SVO (frumlag-sögn-andlag) og SOV setningar. Getur notað eignarforafnið ÞITT og MITT Getur skilið ÞIÐ TVEIR, ÞIÐ, VIÐ-ÖLL Getur notað persónufornöfn ÉG, ÞÚ á réttan hátt. Hefur einungis takmarkað vald á nokkrum einföldum málfræðilegum formgerðum og setningasniðum í þeim táknaforða sem viðkomandi hefur lært. (þ.a.m. proformasagnir)
	Vald á hljóðkerfisfræði	Táknrýmið er stórt. Getur notað grófar (stórar og miklar) hreyfingar fingra og handa, auk þess að nýta ýkt svipbrigði og látbrigði. Framburður mjög takmarkaðs táknaforða og fárra frasar sem viðkomandi hefur lært. Þekkir íslenska handrofið.
	Táknaforði	Getur tjáð eigin skoðun (sammála, ekki sammála) Kann táknið fyrir mánuði, vikudaga og klukkuna (yfir, í, sek, mín). Getur gert skýr og greinileg handform. Getur lýst persónu með því að nota svipbrigði, hárið og líkamleg einkenni eða með því að nota hluti sem persónan hefur oft á sig. Eða út frá? Getur heilsað og kvatt á viðeigandi hátt. Getur táknað beinar óskir. Getur lýst einkennum hluta (hæð, breidd, lengd). Getur fingrastafað m.a. nöfn (vinir, ættingjar o.s.frv.), heimilsfang og fyrirtæki. Getur notað einfaldar munnhreyfingar sem henta samhenginu. Getur gert réttar munnhreyfingar og notað þær til að greina á milli tákna sem eru að öðru leyti eins. - mhr. með sama tákni BRO-SYS, BORÐA-MATUR, BIDD (=er hér)-LALLA (=ertu með), flugvél vs. Fljúga. Hefur grunntáknaforða (úr frosna táknaafninu) sem er byggður upp af táknum og frösum sem tengjast sérstökum raunverulegum aðstæðum á einka og opinbera sviði.
	Vald á táknaforða	Hikar ítrekað við leit að táknum, við tjáningu minna þekktra tákna og til að leiðrétta samskipti

A1

Málnotkun	Uppbygging texta/Samhengi og samloðun	Getur tengt stök ták saman eða fleiri ták með línulegum og mjög einföldum tengingum eins og „og“ sem er gefið til kynna með færslu líkama en ekki með táknuinu OG.
	Uppsetning og rými	Getur skilið vísun í tvö viðmið í rýminu.
		Getur sett tvö viðmið í rýmið og vísað þar á milli.
	Framsetning og áhrif /Nákvæmni fullyrðinga	Getur tjáð stakar tilfinningar/ ákveðna liðan eingöngu með látbrigðum (án notkunar handa/tákna) (grunntilfinningarnar sex: hamingja; dapurleiki (sorgmæddur); hræðsla; andstyggð (viðbjóður); reiði; undrun/furða (surprise).
		Getur staðsett sig þannig að viðtakendur eigi auðvelt með að sjá viðkomanda.
		Getur á einfaldan hátt miðlað einföldum upplýsingum um sjálfan sig og hlutlægar þarfir.
	Flæði tákunar	Hikar ítrekað við leit að táknum, við tjáningu minna þekktra tákna og til að leiðrétta samskipti.
		Getur táknað mjög stuttar, einangraðar og að mestu fyrirfram undirbúnar yrðingar.
	Sveigjanleiki	Engin útlistun tiltæk
Frásagnir	Engin útlistun tiltæk	
Beðið um orðið	Engin útlistun tiltæk	
Félagsmál vísindi	Félagsmálvísindalega viðeigandi og menningarleg kunnátta	Getur svarað „takk“ á viðeigandi hátt (t.d. með „verði þér að góðu“).
		Getur sýnt viðbrögð við því sem sagt er með því að nota tákni og munnhreyfingar. (t.d. HVAÐ, AFTUR, SKILJA.
		Getur sýnt viðeigandi látbrigði (t.d. kink, skilning, skilningsleysi, munnhreyfingar o.s.frv.) í samtali.
		Getur svarað á réttan hátt hversdagslegum athugasemdum (t.d. með því að nota TAKK, FÍNT)
		Getur notað einfalda fingrastöfun til að auðvelda samskipti ef þarf.
		Getur haldið beinu augnsambandi við þann sem talað er við.
		Getur náð athygli til að fá að komast að (t.d. með því að lyfta hendi, snerta).
		Getur notað ýmsar leiðir til að ná því augnsambandi sem er nauðsynlegt fyrir samskipti (snerta, veifa, berja í borð, kveikja og slökkva á ljósum).
		Getur heilsað döff á viðeigandi hátt.
		Getur náð félagslegu sambandi með því að nota hversdagsleg kurteis form til að heilsa og kveðja, kynna sig, biðja um eitthvað, þakka fyrir, biðjast afsökunar o.s.frv.

A1

SKILNINGUR		
Leiðir til samskipta	Heildarskilningur	Getur borið kennsl á ákveðnar upplýsingar um kunnugleg og hversdagleg umræðuefni, ef táknað er hægt og skýrt (s.s. staðir og tímasetningar).
		Getur skilið mjög rólega og skýra frásögn, með löngum málhvöldum, þar sem viðkomandi gefst tími til að átta sig á merkingunni.
	Skilningur er áhorfandans	Getur skilið í megindráttum einfaldar upplýsingar sem eru settar fram í fyrirsjáanlegum aðstæðum, eins og leiðsögn, ef táknað er mjög hægt og skýrt og með löngum málhvöldum inn á milli.
	Skilningur á útgefnu efni	Getur náð í ákveðnar upplýsingar úr stuttum myndbandsupptökum um kunnugleg og hversdagleg umræðuefni, þar sem táknað er mjög hægt og skýrt (s.s. staðir og tímasetningar).
	Skilningur á samræðum milli móðurmálshafa/annarra málhafa	Getur skilið tákni og stuttar setningar þegar fylgst er með einföldu samtali (t.d. milli viðskiptavinar og starfsmanns í búð), ef táknað er mjög hægt og skýrt.
		Getur skilið einhver tákni og segðir þegar fólk talar um viðkomanda, fjölskyldu, skóla, áhugamál eða nærumhverfi, ef táknað er hægt og skýrt.
	Að horfa á tilkynningar og fyrirmæli	Getur skilið upplýsingar sem gefnar eru hægt og skýrt á myndbandsupptöku, t.d. um skýringarmyndir, verð og tíma.
		Getur skilið þegar einhver segir viðkomanda hægt og skýrt hvar eitthvað er að finna, svo fremi að hluturinn sé í nærumhverfinu.
Getur skilið skilaboð sem sögð eru rólega og af vandvirkni og er beint til viðkomandi og getur fylgt stuttum og einföldum leiðbeiningum.		
Að horfa á sjónvarp og kvikmyndir	Getur borið kennsl á kunnugleg tákni og yrðingar á táknmáli, skilið umræðuefnið í samantekt á aðalfréttum og þekkt afurðir sem auglýstar eru, með því að nýta sér sjónrænar upplýsingar og almenna þekkingu.	

A1

Aðferðir til samskipta	Að átta sig á merkingu og álykta	Getur ráðið í merkingu nýs tákns fyrir ákveðinn verknað eða hlut, ef frásögnin á ÍTM er mjög einföld og um hversdagslegt umræðuefni.
-------------------------------	---	--

A1

TJÁNING		
Leiðir til samskipta	Heildarfrásögn	Getur sagt einfaldar og oftast stakar setningar um fólk og staði.
	EINTAL: Að segja frá reynslu	Getur lýst hversdagslegum hlutum úr daglegu lífi sínu í nokkrum einföldum setningum, með því að nota stök tákni og algeng döff tákni, að því gefnu að viðkomandi geti undirbúið sig fyrirfram.
		Getur sagt frá sjálfum sér, hvað viðkomandi gerir og hvar hann býr.
		Getur sagt hvað viðkomandi finnst um eitthvað.
	EINTAL: Að færa rök fyrir máli sínu	Engin útlistun tiltæk
	EINTAL: Að gefa upplýsingar	Getur gefið einfalda lýsingu á hlut eða mynd á meðan viðkomandi er að sýna öðrum viðkomanda, með því að nota einföld tákni og yrðingar og hefðbundnar segðir, að því gefnu að viðkomandi geti undirbúið sig fyrirfram.
	Ávarpa áhorfendur	Getur flutt mjög stutta og æfða yfirlýsingu, t.d. kynnt fyrirlesara eða mælt fyrir skál innan hóps (ekki standa fyrir framan hóp).
Tilkynningar	Engin útlistun tiltæk	
Aðferðir til samskipta	Að vakta og laga	Getur notað látbragð (sem ekki er hluti af málfræði tákna málsins) til tjáningar, sem viðbót við einföld tákni.
	Viðbætur	Engin útlistun tiltæk
	Skipulagning	Engin útlistun tiltæk

A1

SAMSKIPTI		
Leiðir til samskipta	Heildarfærni í samskiptum	Getur spurt og svarað einföldum spurningum innan ákveðinna sviða og brugðist við einföldum staðhæfingum um kunnugleg málefni eða helstu þarfir.
		Getur átt í einföldum samskiptum, en þau eru algjörlega háð því að viðmælandinn tákni hægt og sé tilbúinn að endurtaka, umorða og leiðrétta.
	Samræður	Getur spurt fólk hvernig því líði og brugðist við fréttum.
		Getur kynnt sig og aðra og notað helstu leiðir til að heilsa og kveðja.
		Getur tekið þátt í einföldu samtali sem byggir á grunnstaðreyndum um fyrirsjáanlegt efni, t.d. um eigin sveit, land, fjölskyldu, skóla.
		Getur skilið einfaldar spurningar sem er beint til viðkomandi þar sem spurt er um einfaldar hversdagslegar staðreyndir, ef viðmælandinn reynir af fremsta megni að gera sig vel skiljanlegan með því að tákna skýrt og rólega og endurtaka eftir þörfum.
	Óformlegar samræður (milli vina)	Getur átt samtali um hvað viðkomandi líkar eða líkar ekki við íþróttir, mat o.s.frv., með takmarkaðan táknaforða til tjáningar, ef viðkomandi er spurður beint á skýru og hægu táknmáli.
	Samræður í formlegri umgjörð (t.d fundir)	Engin útlistun tiltæk
	Markviss samvinna	Getur spurt fólk um dót/hluti og gefið fólki hluti/dót.
		Getur unnið upp úr grunnleiðbeiningum sem innihalda tíma, staðsetningar, tölur o.s.frv.
		Getur skilið spurningar og leiðbeiningar sem eru ætlaðar viðkomandi þegar talað hægt og skýrt og getur fylgt stuttum og einföldum fyrirmælum.
	Að skiptast á upplýsingum	Getur nefnt lit á fötum eða öðrum kunnuglegum hlutum og spurt um lit slíkra hluta.
		Getur sagt frá tölum, magni og verði á takmarkaðan hátt.
		Getur gefið til kynna tíma með því að nota töluinnlimun líkt og 3-KLUKKUTÍMAR, FYRIR-2-ÁRUM-SÍÐAN o.s.frv.

A1

		Getur spurt og svarað spurningum um sig og aðra, hvar viðkomandi býr, hverja hann þekkir og hvaða hluti hann á.
		Getur spurt og svarað einföldum spurningum, komið með og svarað einföldum staðhæfingum um helstu þarfir eða um vel þekkt málefni.
		Getur skilið spurningar og leiðbeiningar sem beint er skýrt og rólega til viðkomandi og getur fylgt stuttum einföldum leiðbeiningum.
	Að taka og veita viðtal	Getur sett fram vandamál sín hjá lækni á einföldu máli og svarað einföldum spurningum eins og „fynnurðu til?“, jafnvel þó viðkomandi þurfi að nota látbragð og líkamstjáningu til að styðja mál sitt? (A1 einfalt: finna til í maga, háls, flensa, kvef, gubba, niðurgangur, hiti,).
		Getur svarað einföldum beinum spurningum um persónuleg málefni í viðtali, ef táknað er mjög skýrt og rólega á hefðbundnu táknmáli.
	Viðskipti með vörur og þjónustu	Getur tekist á við tölur, fjölda, kostnað og tíma.
		Getur beðið um mat og drykk á einföldu máli.
		Getur beðið um og afhent hluti.
	Skilningur í samskiptum við móðurmálshafa/aðra málshafa	Leggur sig fram við að gera sig skiljanlegan.(tjáning).
		Getur skilið spurningar og leiðbeiningar sem beint er rólega beint til viðkomandi og fylgt einföldum leiðbeiningum.
	Getur skilið hversdagslegt mál sem snýst um hlutlæg málefni og einfaldar þarfir, ef táknað er beint til viðkomandi á skýru og rólegu táknmáli af viðmælanda sem hefur ÍTM sem móðurmál.	
Samskipti á netinu	Getur brugðist á jákvæðan eða neikvæðan hátt við tilkynningum á einföldu ÍTM með því að nota lærða frasa á ÍTM (t.d. á Facebook síði FH, SHH, rannsóknarstofu í táknaðsfræðum o.s.frv.)	
	Getur samið mjög einföld einkaskilaboð og sent frá sér með aðstoð táknaðsordabókar. Skilaboðin geta verið varðandi áhugamál, hvað manni líkar/líkar ekki við o.s.frv.	
Aðferðir til samskipta	Beðið um orðið	Engin útlistun tiltæk

A1

	Samvinna	Engin útlitun tiltæk
	Beðið um útskýringu	Getur gefið til kynna með táknum og látbragði að viðkomandi skilur ekki.

A1

MÍÐLUN

MÍÐLUN		
<u>Miðlun</u> <u>hugmynda</u>	Heildarfærni	<u>Getur sett fram hugmynd á mjög einfaldan hátt og spurt aðra hvort þeir skilji mig og hvað þeim finnst.</u>
		<u>Getur, með bendingum og látbrigðum, boðið öðrum að taka þátt umræðunum.</u>
		<u>Getur notað tákni úr frosna táknaafninu og merkingar til að sýna áhuga á hugmynd og staðfesta skilning.</u>
	Að auðvelda samskipti milli jafningja	Engin útlistun tiltæk
	Samvinna við að þróa merkingu	Engin útlistun tiltæk
	Stjórn á samskiptum	Engin útlistun tiltæk
Hvatt til hugmyndafræðilegra umræða	Getur notað tákni úr frosna táknaafninu og látbrigði til að sýna áhuga á hugmynd.	
<u>Miðlun í samskiptum</u>	Heildarfærni	<u>Getur miðlað persónulegum upplýsingum um aðra og mjög einföldum fyrirsjáanlegum upplýsingum, svo fremi að aðrir hjálpi til.</u>
		<u>Getur auðveldað samskipti með því að sýna ánægju og áhuga með táknum úr frosna táknaafninu, með því að bjóða öðrum að tala og sýnt fram á skilning.</u>
	Milligöngumaður í óformlegum aðstæðum (með vinum og samstarfsfólki)	Engin útlistun tiltæk
	Að auðvelda samskipti í viðkvæmum aðstæðum og við ágreining	Áttar sig á þegar þeir sem tala eru ósammála eða eiga við vandamál að stríða og getur notað einföld fyrirfram lærd tákni og táknaambönd til að gefa til kynna samkennd (t.d. „Ég skil“ „Er allt í lagi?“).

A1

VIÐBÓT	
Túlkun	Getur sagt með einföldum táknum og látbragði á ÍTM hvaða grunnþarfir þriðji aðili hefur í tilteknum aðstæðum.
Að skapa jákvætt andrúmsloft	Engin útlistun tiltæk
Samantekt á upptöku	Engin útlistun tiltæk
Persónuleg viðbrögð við skapandi texta sett fram (þ.m.t. bókmenntir)	Engin útlistun tiltæk
Hvatt til rökhusunar	Getur notað einföld svipbrigði til að sýna áhuga á hugmynd.
Tenging við fyrri þekkingu	Engin útlistun tiltæk
Að bjróta niður flóknar upplýsingar	Engin útlistun tiltæk
Aðlögun máls	Engin útlistun tiltæk
Að hagræða útgefið efni	Engin útlistun tiltæk
Byggt á fjölmennningarlegri þekkingu	Engin útlistun tiltæk
Umgjörð og viðhorf	Engin útlistun tiltæk

A2

A2

Táknmálsfærni		
Málvísindi	Almenn málvísindaleg efni	Hefur takmarkaðan forða af stuttum lærðum frösum sem ná yfir fyrirsjáanlegar aðstæður. Við óhefðbundnar aðstæður geta samskiptin rofnað eða misskilningur komið upp.
		Getur notað einföld setningaform og átt samskipti með lærðum frösum, nokkrum táknum í röð og sett fram upplýsingar um sig og aðra, hvað þeir gera, staðir sem tengjast þeim, eignir þeirra o.s.frv.
		Getur notað stuttar hversdagslegar yrðingar til að uppfylla þarfir: persónulegar upplýsingar, daglegar venjur, óskir og þarfir, upplýsingaöflun.
		Hefur næga þekkingu á grunnatriðum málsins til að takast á við hversdagslegar fyrirsjáanlegar aðstæður, þótt viðkomandi þurfi oft og tíðum að aðlaga það sem sagt er og leita að táknum.
	Nákvæmni táknmálsins	Getur notað próform á réttan hátt í einföldum setningum.
		Getur talið upp lista og röð með því að nota látbrigði í málfræðilegum tilgangi, t.d. „...og...“, „...auk þess...“).
		Getur notað látbrigði í málfræðilegum tilgangi, t.d. „ef.....þá“ setningar.
		Getur notað rétt handform skýrt og nákvæmlega, ekki bara sem stök ták heldur sem setningu.
		Getur lagt áherslu á mikilvæg atriði með því að setja þau í miðju táknrýmisins.
		Getur sagt frá umhverfi (t.d. landslagi) með því að lýsa viðeigandi formi/formum.
		Getur sagt frá röð atburða sem tengjast ekki og notað látbrigði í málfræðilegum tilgangi til þess, t.d. („...og þá...“, „...og svo...“, „næst...“, „eftir það...“).
		Getur beygt mismunandi sagnir af fullu samræmi og á viðeigandi hátt.
		Getur sagt frá aðstæðum þar sem eitthvað ákveðið er gert og notað látbrigði í málfræðilegum tilgangi, t.d. „ef.....þá...“.
		Notar sumar einfaldar setningagerðir rétt, en gerir reglulega grunnmistök – á t.d. til að ruglast þegar viðkomandi segir frá tíma og gleymir að sýna málfræðilegt samræmi, oftast er þó skýrt hvað hann er að reyna að segja.
Vald á hljóðkerfisfræði	Táknrýmið hefur minnkað.	
	Getur notað skýrari hreyfingar fingra og handa, auk þess að nýta viðeigandi svipbrigði og látbrigði.	

A2

		Framburðurinn er almennt nógu skýr til að viðkomandi skiljist þótt „framandi hreimur“ sé greinilegur, en viðmælandi þarf stundum að biðja um endurtekningar.
	Táknaforði	<p>Hefur táknaforða yfir dýr.</p> <p>Getur sagt frá sniði, lit og áferð fatnaðar.</p> <p>Getur sagt frá nálægð og fjarlægð með réttum svipbrigðum eða öðrum leiðum þar sem hendur eru ekki notaðar, t.d. þíra augu til að sýna „langt í burtu“.</p> <p>Getur tjáð magn/stærð með því að nota látbragð.</p> <p>Getur táknað beina skipun.</p> <p>Getur komið með einfaldar sjónrænar upplýsingar um gjörðir og tengsl (t.d. í fjölskyldu).</p> <p>Getur lýst einstaklingi út frá persónulegum sérkennum hans.</p> <p>Getur, með undirbúningi, notað rétt nöfn og fræðiheiti við viðeigandi málefni.</p> <p>Getur komið upplýsingum á framfæri á stuttan og hnitmiðaðan en skýran hátt.</p> <p>Getur aðgreint tvo hluti á viðeigandi hátt.</p> <p>Getur komið með dæmi máli sínu til stuðnings.</p> <p>Getur sagt frá mismunandi atriðum í sögu (t.d. tímalengd „vinna alla nóttina“).</p> <p>Getur gert lexíkaliseruð tákni rétt (t.d. F fyrir formlegur, T fyrir tæki o.s.frv.).</p> <p>Getur notað þó nokkuð fjölbreytt tákni.</p> <p>Hefur nægan táknaforða (úr frosna táknaafninu) til að takast á við helstu þarfir.</p> <p>Hefur nægan táknaforða (úr frosna táknaafninu) til að geta tekið þátt í einföldum samræðum.</p>
	Vald á táknaforða	Hefur nægan táknaforða (úr frosna og frjóa táknaafninu) til að fjalla um þekkt málefni og takast á við hefðbundnar aðstæður daglegs lífs.
Málnotkun	Uppbygging texta/Samhengi og samloðun	<p>Getur í byrjun frásagnar gefið þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að setja upp frásögnina, þ.á.m. svörin við lykilsurningunum: hvað, hvar og hver.</p> <p>Getur gert samantekt um einföld viðfangsefni.</p> <p>Getur sett fram einföld rök með og á móti í þeirri setningagerð sem ætlast er til.</p> <p>Getur skilið milli mismunandi atriða í lista.</p> <p>Getur kynnt viðfangsefni á fullnægjandi hátt.</p> <p>Getur sagt sögu eða lýst einhverju með því að styðjast við einfalda punkta.</p>

A2

		Getur gefið dæmi um eitthvað á einföldu máli, t.d. með því að nota <i>t.d., eins og</i> .
		Getur tengt táknaþópa með einföldum táknaþengingum eins og OG, EN og AF-HVERJU-JÚ auk fingraraðhólfa.
		Getur notað flestar algengar leiðir til að tengja saman einfaldar setningar og tengja þannig saman atriði í röð og byggja upp sögu eða lýsingu.
	Uppsetning og rými	Getur stöðugt sýnt stærðarhlutföll hluta þegar táknað er (t.d. þegar verið er að flysja banana).
		Getur lýst manneskju með því að setja sig í hlutverk.
		Getur notað rétt svipbrigði fyrir manngerð/persónu, manneskju eða hlut sem verið er að lýsa.
		Getur notað líkamsstöðu til að sýna mismunandi afstöðu til málefnis (t.d. með því að sýna rök með og á móti með líkamsstöðu til hægri og vinstri).
	Framsetning og áhrif//Nákvæmni fullyrðinga	Getur í einföldum og beinum samskiptum komið til skila því sem viðkomandi vill í tengslum við takmarkaðar upplýsingar um kunnugleg og hefðbundin málefni, en þarf annars að aðlaga og takmarka skilaboðin.
		Getur notað látbrigði á viðeigandi hátt til að tjá neikvæðar og jákvæðar tilfinningar (e. feelings) (hnykla augabráúnir: neikvætt; lyfta augabráunum: jákvætt)
		Getur tjáð geðbrigði (e. emotions) með látbrigðum.
		Getur gefið til kynna og hvatt til tilfinninga (e. feelings) (gleði, sorg).
		Getur greint frá staðreyndum á hlutlausan máta, án þess að tilfinningar (e. emotion) sjáist.
		Getur komið fram á vinalegan og aðlaðandi hátt.
	Flæði tákunnar	Getur nokkuð auðveldlega búið til frasa um vel þekkt málefni til stuttra samskipta þrátt fyrir að þurfa að hika þónokkuð og jafnvel byrja oftar en einu sinni.
		Getur sett fram mál sitt í stuttum yrðingum, jafnvel þótt hik og umorðun sé áberandi og viðkomandi þurfi jafnvel að byrja oftar en einu sinni.
	Getur sýnt skýrt lok setninga með viðeigandi setningaskilum.	
	Getur táknað einfalda setningu í góðum takti.	
Sveigjanleiki	Getur útvíkkað lærða frasa með einfaldri endurröðun eininga þeirra.	

A2

		Getur aðlagð eftir aðstæðum einfalda, fyrirfram vel æfða frasa með því að setja inn aðrar einingar úr takmörkuðum táknaforða.
	Frásagnir	Getur sagt sögu eða lýst einhverju með því að telja upp nokkur atriði.
	Beðið um orðið	Sjá Beðið um orðið í <i>Samskipti</i>
Félagsmál vísindi	Félagsmálvísindalega viðeigandi og menningarleg kunnátta	Getur tekið tillit til atriða í nærumhverfi sem hafa áhrif á samskiptin á táknmáli (lýsing, hlutir á borði).
		Getur aðlagð táknrýmið að aðstæðum og þeim sem eru viðstaddir.
		Getur heilsað döff sem viðkomanda þekkir ekki á viðeigandi hátt.
		Þekkir algeng hjálpartæki döff (t.d. blikkljós, barnavaktari, brunaboði o.s.frv.) og getur nefnt þau.
		Getur játað eða neitað beinni skipun eða ósk.
		Getur haldið augnsambandi við viðmælenda meðan viðkomanda tákna.
		Getur boðið og þegið/afþakkað boð, komið með uppástungur, afsakanir, o.s.frv.
		Getur átt í mjög stuttum félagslegum samskiptum, notað hversdagslega, kurteisa frasa til að heilsa og ávarpa.
		Getur haft félagsleg samskipti á einfaldan en áhrifaríkan hátt með því að nota einfaldar og almennar yrðingar og fylgja grunnhefðum.
		Getur tjáð sig og brugðist við innan grunnnotkunarsviða málsins, eins og að skiptast á upplýsingum og beiðnum og setja fram álit og viðhorf á einfaldan hátt.

A2

SKILNINGUR		
Leiðir til samskipta	Heildarskilningur	Getur skilið setningar og yrðingar um málefni sem tengjast viðkomanda einna mest (t.d. grunnupplýsingar um einkamál og fjölskyldu, verslanir, vinnu og nærumhverfi) svo fremi að frásögnin sé róleg og skýr.
		Getur skilið nóg til að fullnægja þörfum við raunverulegar aðstæður, svo fremi að táknað sé rólega og skýrt.
	Skilningur er áhorfandans	Getur skilið meginatriði einfaldra upplýsinga, sem gefnar eru í fyrirsjáanlegum aðstæðum, eins og í leiðsögn, t.d. „Hér býr forsetinn“.
		Getur fylgt mjög einfaldri og vel skipulagðri sýnikennslu eða kynningu á kunnuglegu efni, að því gefnu að notaðar séu glærur með myndum og/eða myndböndum, raunveruleg dæmi og skýringamyndir og að efnið er flutt skýrt og rólega með endurtekningum.
		Getur í megin atriðum fylgt sýnikennslu eða kynningu á kunnuglegu eða fyrirsjáanlegu efni, ef skilaboðin eru sett fram skýrt og rólega á einföldu máli, með sjónrænum stuðningi (t.d. glærum með myndum og myndböndum).
	Skilningur á útgefnu efni	Getur skilið og dregið út aðalatriðin úr stuttum myndbrotum sem fjalla um fyrirsjáanleg hversdagsleg viðfangsefni, ef efnið er flutt skýrt og rólega.
		Getur náð mikilvægum upplýsingum úr stuttu útgefnu efni á ÍTM, svo sem veðurspá, tilkynningum eða íþróttáúrlitum o.s.frv., að því gefnu að talað sé skýrt.
		Getur skilið aðalatriði sögu og náð að fylgja söguþræðinum, að því tilskildu að sagan sé sögð hægt og skýrt.
	Skilningur á samræðum milli móðurmálshafa/ annarra málshafa	Getur fylgst í meginatriði með í stuttum, einföldum, félagslegum samskiptum, sem fara mjög hægt og skýrt fram.
		Getur áttað sig á hvenær þeir sem tala saman eru sammála eða ekki, ef samræðurnar fara hægt og skýrt fram.
		Getur oftast áttað sig á umræðum í kringum sig ef táknað er skýrt og rólega.

A2

	Að horfa á tilkynningar og fyrirmæli	Getur skilið einfaldar leiðbeiningar um tíma, dagsetningar, tölur o.s.frv., og um endurtekna atburði og verkefni sem þarf að framkvæma.
		Getur skilið einfaldar leiðbeiningar um hvernig á að komast frá A til B, fótgangandi eða með almenningssamgöngum.
		Getur náð aðalatriðunum í stuttum, skýrum og einföldum skilaboðum og tilkynningum.
	Að horfa á sjónvarp og kvikmyndir	Getur áttað sig á breytingum á umræðuefni í raunverulegum fréttum í sjónvarpi og áttað sig á aðalatriðunum.
		Getur skilið sjónvarpsauglýsingu, stiklu fyrir eða brot úr kvikmynd, skilið hvað leikararnir eru að tala um, að því gefnu að myndirnar styðji við skilning og að talað sé tiltölulega hægt og skýrt
		Getur áttað sig á helstu atriðum sjónvarpsfrétta sem fjalla um atburði eins og slys o.s.frv., ef sjónrænn stuðningur er til staðar.
Aðferðir til samskipta	Að átta sig á merkingu og álykta	Getur notað hugmynd úr stuttri frásögn eða spjalli um raunveruleg, hversdagsleg málefni til að átta sig á líklegri merkingu áður óþekktra tákna út frá samhengi.
		Getur nýtt sér tölur, dagsetningar, nöfn, sérnöfn o.s.frv. til að bera kennsl á umræðuefni.
		Getur áttað sig á merkingu óþekktra íkónískra tákna.
		Getur stuðst við umgjörð, framkomu, aðstæður og að einhverju leyti táknaforða við að meta hvort um formlegt eða óformlegt málsnið á ÍTM sé að ræða í útgefna efninu.
		Getur nýtt sér þekkingu sína á merkingu tákna til að ráða af þeim merkingu annarra í stuttum setningum sem notaðar eru í venjulegu daglegu samhengi.
		Getur notað hugmynd úr stuttum texta eða spjalli um raunveruleg, hversdagsleg málefni til að átta sig á líklegri merkingu áður óþekktra tákna út frá samhengi.

A2

TJÁNING

Leiðir til samskipta	Heildarfrásögn	Getur á einfaldan hátt, í nokkrum stuttum frösom og setningum sem eru tengdar saman sagt frá og gefið lýsingu á fólki og aðstæðum þeirra almennt eða í vinnu, daglegum venjum þeirra, því sem þeim líkar við eða líkar ekki o.s.frv.
	EINTAL: Að segja frá reynslu	Getur sagt í hverju viðkomanda er góður eða ekki (t.d. íþróttir, leikir, leikni, námsgreinar).
		Getur í stuttu máli talað um það sem viðkomanda ætlar að gera um helgina eða yfir hátíðirnar.
		Getur notað einfalt lýsandi mál til að setja fram fullyrðingu og bera saman hluti og eignir.
		Getur lýst hversdagslegum hlutum úr eigin umhverfi, t.d. fólki, stöðum, atvinnu og námi.
		Getur sagt frá áætlunum og skipulagi, hefðum og venjum, liðnum atburðum og eigin reynslu.
		Getur sagt frá atburðum og gjörðum á stuttan og einfaldan hátt.
		Getur lýst hversdagslegum hlutum úr eigin umhverfi, t.d. fólki, stöðum, atvinnu og námi.
		Getur sagt sögu eða lýst einhverju með upptalningu.
	EINTAL: Að færa rök fyrir máli sínu	Getur sett skoðun sína fram á einfaldan hátt, að því tilskildu að hlustendur séu þolinmóðir.
		Getur útskýrt hvað viðkomanda líkar við eða ekki, af hverju viðkomanda vill frekar eitt en annað, með því að gera einfaldan, beinan samanburð.
	EINTAL: Að gefa upplýsingar	Getur gefið einfaldar leiðbeiningar um hvernig komast á frá einum stað til annars, með því að nota einfaldar segðir eins og „beygja til hægri“ og „fara beint“ ásamt samtengingum eins og raðfingrahólf og hólf.
	Ávarpa áhorfendur	Getur svarað einföldum spurningum í kjölfarið ef viðkomanda getur beðið um endurtekningar og ef hann getur fengið aðstoð við að svara.
		Getur flutt stutta og æfða kynningu um efni sem viðkomanda þekkir vel til.
		Getur náð að svara nokkrum einföldum spurningum sem á eftir fylgja.
Getur flutt stutta og æfða kynningu um efni sem tengist daglegu lífi viðkomanda og í stuttu máli útskýrt og rökstutt álit, áætlanir og gjörðir.		
Tilkynningar	Getur flutt mjög stuttar og æfðar tilkynningar um fyrirsjáanlegt og þekkt viðfangsefni, á þann hátt að efnið sé skiljanlegt fyrir þá viðmælendur sem eru tilbúnir til að einbeita sér að því.	

A2

Aðferðir til samskipta	Að vakta og laga	Engin útlitun tiltæk
	Viðbætur	Getur staðfest hvað viðkomanda meinar með því að benda á það (t.d. 'ég ætla að fá þetta').
		Býr yfir ófullnægjandi táknaforða til að útskýra mál sitt og notar látbragð til frekari útskýringar.
Skipulagning	Getur rifjað upp og æft viðeigandi frasa úr táknaforða sínum.	

A2

SAMSKIPTI		
Leiðir til samskipta	Heildarfærni í samskiptum	Getur tekið þátt í mjög stuttum félagslegum samskiptum en skilur sjaldnast nóg til að geta haldið uppi samræðum að sjálfsdáðum.
		Getur átt samskipti í einföldum og hefðbundnum verkefnum þar sem samskiptin byggjast á einföldum og beinum upplýsingaskiptum um venjuleg og hefðbundin viðfangsefni sem tengjast vinnu og frístundum.
		Getur átt í einföldum, hefðbundnum samskiptum án mikilla vandkvæða; getur spurt og svarað spurningum og skipst á hugmyndum og upplýsingum um kunnugleg málefni í fyrirsjáanlegum hversdagslegum aðstæðum.
		Getur átt í nokkuð auðveldum, stuttum samskiptum við skipulagðar aðstæður, svo fremi að viðmælandinn sé tilbúinn til að aðstoða ef þarf.
	Samræður	Getur sagt hvað viðkomanda líkar og hvað ekki.
		Getur tjáð hvernig viðkomanda líður með því að nota mjög einfaldar grunn yrðingar (mjög einfalt mál).
		Getur bæði gefið og tekið á móti tilboðum, tillögum og afsökunarbeiðnum.
		Getur spjallað á einföldu máli við jafningja, samstarfsmenn eða gestgjafa, spurt spurninga og skilið svör sem tengjast flestum daglegum venjum.
		Getur heilsað og kvatt á einfaldan, kurteisan og hversdagslega hátt.
		Getur tekið þátt í mjög stuttum félagslegum samskiptum, en skilur sjaldnast nóg til að halda samræðum uppi, þótt viðkomanda nái að skilja ef viðmælandinn leggur sig fram um að koma máli sínu til skila.
		Getur beðið um greiða (t.d. að fá eitthvað lánað), getur boðið öðrum greiða og getur svarað ef einhver annar biður viðkomanda um að gera sér greiða.
		Getur sagt frá eigin líðan á einfaldan hátt og þakkað fyrir sig.
		Getur tekið þátt í stuttum samræðum við hefðbundnar aðstæður um áhugamál sín.
		Getur skilið skýrt hefðbundið táknmál sem beint er til viðkomanda, þar sem fjallað er um þekkt málefni, svo fremi að hann geti beðið um endurtekningu eða umorðun ef þarf.

A2

		Getur náð félagslegri tengingu: heilsað og kvatt, kynnt sig og aðra, þakkað fyrir sig.
Óformlegar samræður (milli vina)		Getur tjáð skoðanir á takmarkaðan hátt.
		Getur rætt um hvað á að gera, hvert á að fara og mælt sér mót.
		Getur rætt um hversdagsleg, hagnýt málefni á einfaldan hátt, ef spjallað er beint við viðkomanda á skýran og rólegan máta
		Getur verið sammála eða ósammála öðrum.
		Getur komið með hugmyndir og brugðist við þeim.
		Getur rætt um hvað á að gera um kvöldið eða helgina.
		Getur skipst á skoðunum og borið saman hluti og fólk, á einföldu máli.
		Getur áttað sig á umræðuefninu í kringum sig þegar táknað er skýrt og rólega.
Samræður í formlegri umgjörð (t.d fundir)		Getur sagt hvað viðkomanda finnst um hluti þegar talað er beint við hann/hana á formlegum fundi, að því tilskildu að viðkomanda geti beðið um endurtekningu á lykilatriðum ef nauðsyn krefur.
		Getur almennt fylgst með breytingum á umræðuefni í formlegum aðstæðum sem tengist sviði viðkomanda, ef talað er hægt og skýrt.
Markviss samvinna		Getur haft samskipti í einföldum og venjubundnum verkefnum með því að nota einfaldar setningar til að biðja um og veita hluti, fá einfaldar upplýsingar og ræða hvað eigi að gera næst
		Getur gefið til kynna ef viðkomanda fylgist með og getur skilið það sem nauðsynlegt er, ef sá sem talar leggur sig fram.
		Getur rætt um hvað eigi að gera næst, komið með og svarað ábendingum og beðið um og gefið leiðbeiningar.
		Getur skilið nóg til að takast á við einföld og venjubundin verkefni án mikillar fyrirhafnar, með því að biðja um endurtekningu á einfaldan hátt þegar viðkomanda skilur ekki.
Að skiptast á upplýsingum		Getur spurt og svarað einföldum spurningum um viðburð, t.d. spurt hvar og hvenær hann fór fram, hver var þar og hvernig var það.
		Getur beðið um og gefið persónulegar upplýsingar.
		Getur beðið um og gefið upplýsingar sem vísa í kort eða teikningu.

A2

		Getur spurt og svarað spurningum um hvað viðkomanda gerir í vinnu og tómstundum.
		Getur skipst á takmörkuðum upplýsingum um vel þekkt og hefðbundin verktengd viðfangsefni.
		Getur átt samskipti í einföldum og hefðbundnum verkefnum þar sem skipst er á upplýsingum á einfaldan og beinan hátt.
		Getur gefið og fylgt leiðbeiningum og fyrirmælum, t.d. hvernig á að komast eitthvert.
		Getur spurt og svarað spurningum um áform og áætlanir.
		Getur spurt og svarað einföldum spurningum um atburð, t.d. spurt hvar og hvenær hann átti sér stað, hver var þar og hvernig var.
		Getur spurt og svarað spurningum um áætlanir og áform.
		Getur spurt og svarað spurningum um liðna atburði.
		Getur spurt og svarað spurningum um venjur og hefðir.
		Getur tekist á við hversdagslegar, hagnýtar þarfir: fundið og gefið einfaldar upplýsingar sem byggðar eru á staðreyndum.
		Getur skilið nógu mikið til að geta vandræðalaust átt í einföldum, hefðbundnum samskiptum.
	Að taka og veita viðtal	Getur útskýrt eðli vandamáls fyrir heilbrigðisstarfsmann á einföldu máli, ef til vill með því að nota látbragð og líkamstjáningu.
		Getur í viðtali svarað einföldum spurningum og brugðist við einföldum staðhæfingum.
		Getur lýst fyrir lækni grunneinkennum og kvillum eins og kvefi og flensu.
		Getur gert sig skiljanlegan í viðtali og komið til skila hugmyndum og upplýsingum um þekkt málefni, svo fremi sem viðkomanda geti stundum beðið um útskýringar og fái þá aðstoð sem hann þarf til að tjá það sem hann vill.
	Viðskipti með vörur og þjónustu	Getur útskýrt eðli vandamáls fyrir heilbrigðisstarfsmanni, ef til vill með því að nota látbragð og líkamstjáningu.
		Getur sagt frá þegar eitthvað er að, t.d. „Maturinn er kaldur“ eða „Það er ekkert ljós í herberginu mínu.“
		Getur pantað tíma (augliti til auglitis) (t.d. hjá forstöðumann SHH, panta táknmálstúlk, Formanni FH) og skilið svarið.
		Getur pantað máltíð.

A2

		Getur staðið í einföldum innkaupum með því að segja hvað vantar og spurt um verðið.
		Getur beðið um og gefið upplýsingar um fjölda, tölur, verð, o.s.frv.
		Getur beðið um hluti og átt í einföldum samskiptum í búðum.
		Getur útvegað sér einfaldar upplýsingar um ferðalög og almenningssamgöngur (strætisvagna, lestir og leigubíla), getur beðið um og gefið leiðbeiningar og keypt miða.
		Getur beðið um og útvegað hversdagslega hluti og þjónustu.
		Getur haft samskipti við hversdagslegar fyrirsjáanlegar aðstæður við döff starfsmann.
		Getur tekist á við hversdagslega hluta daglegs lífs eins og ferðalög, húsnæði, matvæli og verslanir.
	Skilningur í samskiptum við móðurmálshafa/ annarra málshafa	Getur skilið skýrt og rólegt táknmál sem er beint til viðkomanda í einföldum hversdagslegum samræðum ef viðmælandinn leggur sig fram.
		Getur oftast skilið skýrt, hefðbundið táknmál sem beint er að viðkomanda um þekkt málefni, svo fremi að hann geti beðið um endurtekningu eða umorðun ef þarf.
		Getur skilið nóg til að taka þátt í einföldum, hefðbundnum samskiptum ef viðmælandinn er tilbúinn til að útskýra gerist þess þörf.
	Samskipti á netinu	Getur sett inn videigandi jákvæð eða neikvæð viðbrögð við færslur döff og/eða samnemenda á samfélagsmiðlum/kennslumiðlum með því að styðjast við SignWiki.
		Getur sett inn videigandi viðbrögð á ÍTM (s.s. undrun, áhuga eða áhugaleysi) við færslur döff og/eða samnemenda á samfélagsmiðlum/kennslumiðlum að því gefnu að færslurnar séu á einföldu ÍTM.
		Getur búið til stuttar færslur á ÍTM sem varða daglegt líf, félagslíf og tilfinningar og birt þær á samfélagsmiðlum.
		Getur kynnt sjálfan sig og átt í einföldum samskiptum á netinu, svarað spurningum, skipst á hugmyndum um hversdagsleg málefni að því gefnu að nægur tími sé gefinn til að svara og að viðkomanda tali við einn í einu.
		Döff af erlendum uppruna: Getur nýtt sér myndsiðmatúlkun til að spyrja og fá tæknilegar leiðbeiningar.

A2

	Nákvæmni táknmálsins	<p>Getur gert einhverjar villur en ekki margar.</p> <p>Getur tjáð samanburð (eins og ..., öðruvísi en ...).</p> <p>Getur notað mismunandi uppröðun í setningum til að leggja áherslu á eitthvað (t.d. SVO, SOV, OSV). Ræður nokkuð vel við málfræðilega þætti.</p> <p>Getur notað efri hluta líkama þegar verið er að gefa til kynna tímalínur.</p> <p>Getur notað réttar tímalínur til að sýna atburði í réttu samhengi við hvern annan, í þátíð, nútíð og framtíð.</p> <p>Getur tjáð orsakasamhengi.</p> <p>Getur notað réttar tímalínur til að sýna tímalengd eða staðsetja atburði í tíma (til að sýna samhengi í tíma: samtímis, á undan/eftir, í röð).</p> <p>Getur notað virka táknamyndun sem gefur tíma til kynna (t.d. Hrútasagan).</p> <p>Getur notað mismunandi stór táknrými eftir aðstæðum.</p> <p>Getur notað táknrýmið á meðvitaðan hátt, t.d. með því að nota hægrí hlið sem „með“ og vinstri sem „á mótí“.</p> <p>Gerir einhver mistök sem leiða af sér misskilning.</p> <p>Getur af fullu samræmi notað og vísað í próform (flokkari, bendingar, o.s.frv.), í stuttum textum.</p> <p>Getur nýtt sér hólfi í táknrýminu á skynsamlegan og skipulagðan máta.</p> <p>Getur skilið þátíðarlátbrigði í almennu máli.</p> <p>Ræður vel við málfræðilega þætti; glappaskot verða, ókerfisbundnir eða smá gallar í setningaupbyggingu geta komið fyrir en oft er hægt að leiðrétta eftir á.</p>

B2

	Vald á hljóðkerfisfræði	Hefur náð skýrum og eðlilegum framburði og ryþma (táknmálið hökkti ekki).
	Táknaforði	<p>Getur skilið og notað mikið af þeim táknaforða sem notaður er innan sviðs viðkomanda, en á í erfiðleikum með sérhæfð fræðiheiti utan þess.</p> <p>Getur við flestar aðstæður sett saman mörg tákn á réttan og vel uppbyggðan hátt.</p> <p>Getur sett mál fram á mismunandi hátt til að forðast endurtekningar, en ófullnægjandi táknaforði getur enn orsakað hik og umorðanir.</p> <p>Getur breytt táknum (á ekki við proformatákn).</p> <p>Getur skilið og notað helstu tæknileg fræðiorð innan síns sviðs, þegar viðkomandi ræðir um sérsvið sitt við aðra sérfræðinga.</p> <p>Getur skipt frosnum táknaforða út fyrir frjóan, t.d. með því að nota próformasagnir. (Getur skipt á milli frjós og frosins táknaforða.)</p> <p>Getur sett fram einfalda segð með því að nota eingöngu viðeigandi próform og hermt eftir.</p> <p>Hefur góðan táknaforða (úr frosna og frjóa táknaforðinu) yfir flest almenn málefni og málefni innan sérsviðs viðkomandi.</p> <p>Getur tekið saman tillögu sem borin er undir atkvæði og mótað hana á einfaldari hátt með viðeigandi táknaforða.</p> <p>Getur táknað óbein skilaboð (óbeinar spurningar, beiðnir, óskir og kröfur).</p> <p>Getur sagt frá því sama á mismunandi hátt.</p> <p>Getur alltaf útskýrt álit sitt, jafnvel þó viðstaddir tjái eigið álit og afstöðu.</p> <p>Getur notað hlutverkaskipti (hermt eftir því sem er gert 1:1).</p> <p>Getur aðlagð táknaforði sitt að mismunandi texta.</p> <p>Getur komið upplýsingum á framfæri eingöngu með frjóum táknaforða, án þess að nota frosin tákna.</p> <p>Getur aðlagð tjáningu sína eftir því hvaða málefni og/eða hlut er verið að lýsa.</p> <p>Getur fjallað skiljanlega og nákvæmlega um flókin málefni á ÍTM.</p>
	B2+	<p>Getur skýrt nákvæmlega hvaða afleiðingar ákvörðun hefur</p> <p>Getur af nákvæmni lýst mismunandi þáttum einhvers.</p>

B2

	Vald á táknaforða	Táknasafnsnotkunin er yfirleitt rétt þótt einhver ruglingur og rangt táknval eigi sér stað án þess að það komi niður á samskiptunum
Málnotkun	Uppbygging texta/Samhengi og samloðun	Getur í stuttu máli útskýrt hugtak inni í textanum, þegar og ef þess gerist þörf
		Getur notað viðeigandi setningaskil til að tengja saman mismunandi hluta frásagnarinnar.
		Getur notað takmarkaðan fjölda samloðunarleiða til að tengja saman í samhangandi og skiljanlega orðræðu, sem þó getur orðið flauturslegt í löngu máli.
		Getur borið saman og gert grein fyrir skoðunum annarra.
		Getur auðveldlega tengt gefin tákni í samhangandi frásögn.
		Getur notað viðeigandi reglur til að skipta úr almennu efni yfir í smáatriði.
		Getur tjáð tíma í frásögn.
		Getur byggt upp skýra lýsingu eða frásögn og útvíkkað og stutt aðalatriðin með viðeigandi smáatriðum og dæmum.
		Getur byggt upp lengri frásagnir í skýrum, rökréttum málsgreinum.
		Getur gefið nægilega mikið af mikilvægum upplýsingum og sleppt þeim sem eru ekki mikilvægar.
		Getur notað retórískar spurningar til að byggja upp frásagnar/texta. (t.d. retórískar spurningar – spurning sem krefst frekar viðbragða en svars, s.s. kink).
		Getur dregið fram aðalatriði efnis. (Getur sagt frá til dæmis söguþráði kvikmyndar, myndasögu, eða frásögn)
		Getur sett fram frásögn sem er í það heila vel skipulögð og samhangandi, með því að nota ólíkar leiðir til að tengja saman setningar og samloðunartækni.
		Getur fylgt hefðbundinni uppbyggingu ólíkra samskiptaforma (t.d. eintal, samtal, umræður o.s.frv.) þegar viðkomandi setur hugmyndir sínar fram.
Getur sett fram og svarað flóknum rökum á sannfærandi hátt.		
Getur notað málið (e. metalanguage, framsetningarmál, táknrænt mál) til að útskýra mál sitt (t.d. við að hjálpa viðmælandanum til að átta sig, með því að útskýra fyrir honum í hvaða röð hlutirnir eru gerðir).		

B2

		Getur sett fram mál sitt með kerfisbundnum hætti með því að leggja áherslu á mikilvæg atriði og viðeigandi atriði til stuðnings.
		Getur sett frásögnina upp á rökréttan hátt með því að sýna skýra þróun.
		Getur skipt innihaldi í flokka/efni, sett upp táknrými eftir því og vísað í þá með bendingum.
		Getur notað pásur til að byggja upp texta á réttan hátt, með því að gera pásu milli mismunandi röksemda.
		Getur sýnt á sjónrænan hátt hvernig viðburður/stofnun er skipulögð.
		Getur flokkað mismunandi upplýsingar eftir þema.
		Getur gefið þeim viðmælendum sem ekki þekkja málefnið vel þær upplýsingar sem þarf til að þeir geti fylgst með því sem viðkomandi segir.
		Getur skipulagt og sett fram fyrirfram ákveðið innihald með því að fylgja eigin innsæi.
		Getur í samantekt tengt ákveðin þemu við kynninguna/innanganginn.
		Getur sett fram viðeigandi kynningu og niðurstöðu texta.
		Getur sagt frá öllu innihaldi og öllum hlutum sem viðeigandi er fyrir viðkomandi texta. (Getur búið til frásögn sem hefur skýra línulega þróun.)
	B2+	Getur, þegar viðkomandi lýsir einhverju, nefnt stóra fasta hluti á undan litlum föstum hlutum og kynnt hreyfanlega hluti á eftir þeim föstu.
		Getur sagt sögu frá upphafi til enda, án þess að skilja neitt út undan.
Uppsetning og rými	Getur sýnt hlutverkaskipti með líkamsstöðu og/eða með því hvert horft er.	
	Getur farið í hlutverk annars, t.d. til að sýna tilfinningar (e feelings).	
	Getur á skiljanlegan hátt sýnt breytingu á sviði, stað eða persónu.	
	Getur sett upp rýmið með því að nota eingöngu látbragð og próform.	
	Getur sett upp nýtt svið á málfræðilega réttan hátt, þegar nýtt efni eða aðstæður koma upp í textanum.	
	Getur táknað einfaldan verknað eða atburð út frá sjónarhorni áhorfanda/frásagnaraðila.	
	Getur táknað einfaldan verknað eða atburð út frá sjónarhorni þátttakenda.	
	Getur á réttan hátt kynnt og farið í ný hlutverk.	
	Getur notað táknrýmið rétt til að sýna samskipti milli fleiri en tveggja einstaklinga (t.d. fjölskyldu við matarborð) með því að fara í hlutverk.	

B2

Framsetning og áhrif/ Nákvæmni fullyrðinga	Getur gert viðeigandi samanburð sem hjálpar viðmælenda við skilning.
	Getur verið skapandi í notkun látbragðs og svipbrigða.
	Getur sagt frá atburði á spennandi hátt.
	Getur komið nákvæmum upplýsingum áreiðanlega til skila.
	Getur valdið geðshræringu (e. emotions) hjá viðmælenda á áhrifaríkan hátt (hlæja, gráta...).
	Getur notað fjölbreyttar leiðir með látbrigðum (t.d. svipbrigðum, líkamasstöðu og munnhreyfingum) til að byggja upp spennu og eftirvæntingu.
	Getur á skapandi hátt sagt frá/tjáð ímyndun sinni og því sem viðkomandi sér fyrir sér.
	Getur vakið forvitni viðmælenda um hvernig textinn endar.
	Getur komið nauðsynlegum atriðum til skila, jafnvel við krefjandi aðstæður, þó mál viðkomanda vanti kraft í tjáninguna og fjöltákn.
	Getur komið með óhefðbundnar og frumlegar athugasemdir um viðfangsefni, á réttan hátt.
Flæði tákunar	Getur fingrastafað með góðu flæði, notað frekar samloðun heldur en hvern staf fyrir sig.
	Getur notað taktvísar hreyfingar (t.d. hvernig lauf falla; bolti detta niður stiga).
	Getur notað pásur til áherslu á viðeigandi stöðum.
	Getur táknað á þægilegum hraða án þess að þurfa að hugsa um hvert tákn.
	Getur af sjálfsdáðum átt í nokkuð liprum samskiptum, þannig að viðkomandi getur auðveldlega átt í samskiptum við málhafa án nokkurra vandkvæða.
	Táknar með góðu flæði, jafnvel þó einstaka hik komi þegar nauðsynlegt er að hugsa um framhaldið.
	Getur táknað nokkuð lengi á jöfnum hraða. Þrátt fyrir einstaka hik þar sem viðkomandi leitar eftir frösum eða táknum verða sjaldan of langar málhvíldir.
	Getur haldið tákni/proformi með annarri hendi, til að sýna að eitthvað sé kyrrt (stopp á sama stað) og táknað áfram með hinni hendinni. (e. fragment buoys)
	Getur sagt sögu sem viðkomandi þekkir á reiprennandi hátt.
	Getur átt í samskiptum af sjálfsdáðum, sýnir oft að viðkomandi á auðvelt með að tjá sig og á reiprennandi hátt, jafnvel á flóknu táknmáli yfir lengri tíma.

B2

	Sveigjanleiki	Getur umorðað hugmynd til að leggja áherslu á eða útskýra ákveðið atriði. Getur skipulagt mál sitt eftir því hvað viðkomandi vill segja. Getur aðlagð sig að breytingum sem samtalið tekur, t.d. á umræðuefni, stíl og áherslum samtals. Getur aðlagð það sem viðkomandi og viðmælandi segir og tileinkað sér þau formlegheit sem eiga við í hvert sinn.
	Frásagnir	Getur byggt upp skýra lýsingu eða frásögn og útvíkkað og stutt aðalatriðin með viðeigandi smáatriðum og dæmum.
	Beðið um orðið	Sjá Beðið um orðið í <i>Samskipti</i>
	Félagsmál vísindi	Félagsmálvísindalega viðeigandi og menningarleg kunnátta
		Getur með nokkrum erfiðismunum fylgst með og lagt sitt af mörkum í hópumræðum með málhöfum jafnvel þótt um hratt óformlegt mál sé að ræða. Getur tjáð sig á viðeigandi hátt eftir aðstæðum og forðast veruleg villur við tákmyndun. Getur aðlagð tjáningu sína þannig að munur sjáist á því hvort um formlega eða óformlega framkomu sé að ræða en tekst það ekki alltaf á viðeigandi hátt. Getur þekkt og túlkað atriði í sambandi við menningu og félagsleg málvísindi og meðvitað aðlagð eigin tjáningu þannig að hæfi aðstæðum. Getur tjáð sig af öryggi, skýrt og kurteislega með formlegu eða óformlegu málsniði sem hentar stað og stund hverju sinni. Getur áttað sig á táknanotkuninni út frá aldri viðmælandans. Getur notað hlutlaus látbrigði til að fjarlægja sig viðkomandi málefni. Getur útskýrt staðreyndir og atburði sem eru mikilvægir fyrir menningu döff. Getur (óbeint) vísað til mikilvægra dagsetninga, einstaklinga og stofnana í landi sínu. Getur nefnt það fólk sem er mikilvægt fyrir táknmál og virkni þess (einnig á alþjóðavettvangi). Getur notað frosin tákni úr máli mismunandi aldurshópa. (tákn frá fleiri en einum aldurshópi) Getur metið hvort tiltekinn hópur þekkir heyrnarleysi, döff og aðstæður þeirra og útskýrt vel ef nauðsynlegt er.

B2

SKILNINGUR		
Leiðir til samskipta	Heildarskilningur	Getur skilið langa texta og flóknar rökræður, svo fremi að umræðuefnið sé viðkomandi nokkuð kunnugt og að nokkuð ljóst sé hvert umræðan stefnir.
		Getur skilið aðalflugmyndirnar í staðhæfingum og málfræðilega flóknum textum um bæði hlutlæg og hugræn málefni, þar á meðal tæknilegar umræður um viðfangsefni innan sérsviðs viðkomandi.
		Getur skilið ÍTM, beint eða af upptökum, þegar fjallað er um misþekkt viðfangsefni úr einka-, félags-, fræðilegu- og atvinnulífi. Einungis mjög truflandi aðstæður (sjón- eða hljóðrænar), ófullnægjandi uppbygging samskiptanna og/eða málvenjubundin atriði hafa áhrif á skilninginn.
	Skilningur er áhorfandans	Getur áttað sig á sjónarhorni þess sem talar og greint á milli skoðanna viðkomanda og þeirra staðreynda sem viðkomandi setur fram.
		Getur skilið á milli aðal- og aukabema, svo fremi að erindið sé flutt á skýru og skipulögðu ÍTM.
		Getur fylgt flókinni röksemdafærslu í skýrt fram settum fyrirlestri, svo fremi sem efnið sé viðkomandi nokkuð kunnugt.
		Getur skilið sjónarhorn þess sem talar um málefni líðandi stundar eða málefni sem tengjast sérsviði viðkomanda, svo fremi að erindið sé flutt á skýru og skipulögðu ÍTM.
		Getur skilið aðalatriðin í fyrirlestrum, erindum, greinargerðum og öðrum tegundum fræðilegra/faglegra kynninga sem eru flókin hvað varðar uppbyggingu og málnotkun.
	Skilningur á sjónrænum miðlum	Getur áttað sig á tónfalli, blæbrigðum í máli táknaans o.þ.h.
		Getur skilið megnið af innihaldi þess efnis sem gefið hefur verið út ef það er flutt á skýru og skipulögðu ÍTM.
		Getur skilið útgefið efni á skýru og skipulögðu ÍTM sem gæti verið notað í félagslegum, faglefum og fræðilegum tilgangi, skilið sjónarmið og afstöðu táknaans auk innihaldsins.
	Skilningur á samræðum milli móðurmálhafa/ annarra málhafa	Getur fylgst með og náð samhengi í löngu óformlegu tali, t.d. sögu eða brandara.
		Getur greint helstu rök með og á móti röksemd eða hugmynd í samtali sem fer fram á skýru og skipulögðu ÍTM.
		Getur með nokkurri fyrirhöfn skilið mikið af því sem er táknað í kringum sig, en getur átt erfitt með að taka þátt í umræðum með mörgum málshöfum ef þeir aðlaga ekki mál sitt á nokkurn hátt.
		Getur skilið líflegar samræður milli móðurmálhafa/málhafa.

B2

	Að horfa á tilkynningar og fyrirmæli	Getur skilið tilkynningar og skilaboð um hlutlæg og huglæg málefni sem eru flutt á eðlilegum hraða á skýru og skipulögðu ÍTM.
	Að horfa á sjónvarp og kvikmyndir	Getur skilið útgefið efni, viðtöl í beinni útsendingu, spjallþætti, leikrit og meirihluta kvikmynda sem flutt er á skýru og skipulögðu ÍTM.
		Getur skilið mest allt efni í sjónvarpi og á internetinu sem byggt er á fréttum og málefnum líðandi stundar.
		Getur dregið saman aðalatriðin í rökræðum og umræðum í fréttum og þáttum um málefni líðandi stundar.
Aðferðir til samskipta	Að átta sig á merkingu og álykta	Getur notað margar leiðir til að skilja og til að átta sig á aðalatriðunum; nýtir vísbendingar til að mynda samhengi sem styður undir skilning.

B2

TJÁNING

TJÁNING		
Leiðir til samskipta	Heildarfrásögn	Getur flutt skýra og nákvæma útskýringu og frásögn um ýmis viðfangsefni sem viðkomandi þekkir vel til, þar sem hugmyndir eru útvíkkaðar og studdar með aukaatriðum og viðeigandi dæmum.
		Getur flutt skýra og ítarlega útskýringu og frásögn um fjölbreytt viðfangsefni sem tengist áhugasviði viðkomanda, þar sem hugmyndir eru útvíkkaðar og studdar með aukaatriðum og viðeigandi dæmum.
	EINTAL: Að segja frá reynslu	Getur lýst ítarlega persónulega mikilvægum atburðum og lífsreynslu.
		Getur gefið nákvæmar lýsingar á mörgum viðfangsefnum sem eru innan áhugasviðs viðkomandi.
	EINTAL: Að færa rök fyrir máli sínu	Getur útskýrt sjónarhorn á viðfangsefni og útskýrt kosti og galla mismunandi valmöguleika.
		Getur byggt upp röksemdafærslu.
		Getur byggt upp skýra röksemdafærslu, útvíkkað og stutt eigið sjónarhorn í nokkuð löngu máli með aukaatriðum og viðeigandi dæmum.
		Getur byggt röksemdafærslu upp á kerfisbundinn hátt með því að draga fram aðalatriðin og aukaatriðin sem styðja þau.
	EINTAL: Að gefa upplýsingar	Getur gefið skýra og nákvæma lýsingu á hvernig eigi að framkvæma eitthvað.
		Getur komið á framfæri flóknum upplýsingum og ráðum á flestum sviðum starfs síns.
	Ávarpa áhorfendur	Getur flutt undirbúið efni á skýran hátt, getur gert grein fyrir skoðunum á málefni með því að gefa rök með og á móti mismunandi valkostum.
		Getur svarað mörgum spurningum á skýru og skipulögðu ÍTM, án undirbúnings og vandkvæða fyrir viðkomandi eða áhorfendur.
Getur flutt efni á skýran og vel uppbyggðan hátt, með því að leggja áherslu á ákveðin aðalatriði og viðeigandi aukaatriði þeim til stuðnings.		
Getur án fyrirvara vikið frá undirbúnum texta og í staðinn rætt um athyglisverð atriði sem áhorfendur benda á og sýnt á stundum mikla færni og áreynslulausa tjáningu.		
Tilkynningar	Getur flutt tilkynningar um flest almenn málefni nokkuð skýrt, reiprennandi og óundirbúið, á þann hátt að áhorfendur skilja þær án nokkurra vandkvæða.	
Aðferðir til samskipta	Að vakta og laga	Getur áttað sig á „uppáhalds“ mistökum sínum og meðvitað notað eitthvað annað í staðinn.
		Getur leiðrétt mismæli og mistök ef viðkomandi gerir sér grein fyrir þeim eða ef þau hafa leitt af sér misskilning.
		Getur oft leiðrétt sjálf/ur eftir á einstaka „glappaskot“ sem eiga sér stað, eða mistök sem eru ekki kerfisbundin og minniháttar mismæli í setningauppbyggingu. (fyrir NI málneminn getur leiðrétt sig án þess að misskilningur er kominn upp).
	Viðbætur	Getur tekist á við flest vandamál sem koma upp í samskiptum með því að umorða eða forðast erfiðar setningar. (t.d. fjöltákn, flókin látbrigði o.s.frv.)

B2

		Getur umorðað og breytt orðalagi þegar táknotforði eða þekking á byggingu málsins dugar ekki til.
	Skipulagning	Getur skipulagt hvað á að tákna og hvernig, með tilliti til þess hvaða áhrif það hefur á áhorfendur.
		Í undirbúningi fyrir flóknar eða óþægilegar aðstæður getur viðkomandi undirbúið hvað viðkomandi vill segja eftir því hver viðbrögðin verða, og velt fyrir sér hvers konar tjáning væri viðeigandi.

B2

SAMSKIPTI		
		Getur átt í nokkuð leikandi samskiptum af sjálfsdáðum, þannig að regluleg samskipti og tengsl við málhafa eru möguleg án erfiðleika.
		Getur átt samskipti af sjálfsdáðum, sem eru vel upp byggð málfræðilega án þess að virðast þurfa að sleppa einhverju sem viðkomandi vill segja og um leið aðlagað mál sitt eftir aðstæðum á viðeigandi hátt.
		Getur notað málið á reiprennandi, skýran og áhrifaríkan hátt um víðtæk almenn, fræðileg, atvinnu- og tómstundatengd málefni og sýnt vel fram á tengingu milli mismunandi hugmynda.
	Samræður	Getur gefið til kynna mismunandi tilfinningar og sagt frá því hversu mikil áhrif atburður/reynsla hefur haft á viðkomandi.
		Getur átt í samskiptum við málhafa (döff og einstaklinga fullfæra á ÍTM) án þess að hann taki eftir einhverjum óviljandi skemmtilegum eða pirrandi villum og þannig að viðmælandinn geti hegðað sér eins og hann væri að spjalla við málhafa.
		Getur tekið þátt í lengri samræðum um flest almenn málefni sem þátttakendur þekkja til jafnvel þótt sjónræn truflun sé mikil.
		Getur gefið til kynna efa og trega, sett fram skilyrði þegar viðkomandi samþykkir beiðnir eða gefur leyfi, og beðið um skilning á eigin afstöðu.
		Getur haldið uppi samræðum með einlægum spurningum og með því að samsinna; ásamt athugasemdum um þriðja aðila eða sameiginlegar aðstæður, ef við á.
	Óformlegar samræður (milli vina)	Getur sett fram og stutt sjónarmið sín í samræðum með því að koma með viðeigandi útskýringar, rök og athugasemdir.
		Getur með nokkurri fyrirhöfn skilið mest af því sem rætt er í kringum viðkomandi, en getur átt í erfiðleikum með að leggja orð í belg þegar nokkrir málhafar ræða sín á milli án þess að aðlaga mál sitt á nokkurn hátt.
		Getur tekið virkan þátt í óformlegum samræðum um þekkt málefni, gert athugasemdir, sett skýrt fram sjónarhorn, metið aðrar hugmyndir og sett fram og brugðist við tilgátum.
		Getur sagt nákvæmlega frá hugmyndum sínum og álit og sett fram og brugðist við flóknum rökum og deilum á sannfærandi hátt.
		Getur fylgst með í líflegum samræðum milli málhafa.
	Samræður í formlegri umgjörð (t.d fundir)	Getur lagt sitt af mörkum, gert grein fyrir og stutt skoðun sína, metið aðrar tillögur og sett fram og svarað tilgátum.
		Getur fylgst með umræðum um sérsvið sitt; skilið í smáatriðum þau atriði sem sá sem talar leggur áherslu á.
	Getur tjáð hugmyndir sínar og álit nákvæmlega, sett fram og brugðist á sannfærandi hátt við röksemdum á flóknu máli.	

B2

		Getur notað viðeigandi tæknileg hugtök þegar hann ræðir við aðra sérfræðinga um sérsvið.
		Getur fylgst með líflegum umræðum, bent nákvæmlega á rök með og á móti ákveðnum sjónarmiðum.
	Markviss samvinna	Getur gert grein fyrir máli eða vandamáli á skýran hátt, rætt um orsakir og afleiðingar, vegið og metið kosti og galla mismunandi nálgana.
		Getur skilið nákvæmar leiðbeiningar á fullnægjandi hátt.
	Að skiptast á upplýsingum	Getur tekið saman upplýsingar og rök úr mörgum heimildum og komið þeim til skila.
		Getur gefið skýrar og nákvæmar leiðbeiningar um hvernig á að gera eitthvað.
		Getur komið nákvæmum upplýsingum til skila á áreiðanlegan hátt.
		Getur notað viðeigandi tæknileg fræðiorð, þegar viðkomandi skiptist á upplýsingum við, eða ræðir við aðra sérfræðinga um sérsvið. (döff útlendingar og útskrifaðir túlkar)
		Getur skilið og skipst á upplýsingum og ráðleggingum á flóknu máli um allt sem tengist starfssviði viðkomandi.
	Að taka og veita viðtal	Getur tekið frumkvæði í viðtali, útvíkkað og þróað hugmyndir með örlítilli hjálp og hvatningu frá þeim sem viðtalið tekur.
		Getur tekið árangursríkt og lipurt viðtal, vikið frá undirbúnum spurningum af sjálfsdáðum, fylgt eftir og spurt nánar út í áhugaverð svör.
	Viðskipti með vörur og þjónustu	Getur gert grein fyrir vandamáli sem hefur komið upp og útskýrt að sá sem veitir eða þiggur þjónustuna þurfi að hliðra til.
		Getur spurt nákvæmra spurninga í tengslum við þjónustu þar sem smáatriðin skipta máli, t.d. leigusamninga.
		Hefur næga málfærni til að leita samninga við lausn vandamála eins og óréttlátum ávítum, fjárhagslegum skuldbindingum vegna skemmda á íbúð, eða álitamáls um ábyrgð í slysi. (aðallega döff af erlendum uppruna)
	Skilningur í samskiptum við móðurmálshafa/ annarra málhafa	Getur skilið nákvæmlega táknmál sem til viðkomandi er beint, jafnvel þótt sjónræn truflun sé veruleg.
	Samskipti á netinu	Getur áttað sig á misskilningi og ágreiningi sem kemur upp í samskiptum á netinu og tekist á við þá, svo fremi að þeir sem við er talað séu tilbúnir til samvinnu.
		Getur tekið þátt í samskiptum nokkurra aðila á netinu, tengt á áhrifamikinn hátt það sem viðkomandi setur fram við það sem áður var sagt, svo fremi að umræðustjóri aðstoði við að stjórna umræðunni.

B2

		<p>Getur tekið virkan þátt í umræðum á netinu (s.s. á ZOOM fundi), sett fram og svarað skoðunum í nokkuð löngu máli um efni sem tengjast áhugasviði viðkomanda, svo fremi að þeir sem talað er við forðist óvenjulegt eða flókið mál og gefi nægan tíma fyrir svör.</p> <p>Getur tekið þátt í samskiptum á netinu, tengt það sem viðkomandi setur fram við það sem áður var sagt, skilið menningarleg áhrif og brugðist við á viðeigandi hátt.</p>
Aðferðir til samskipta	Beðið um orðið	Getur notað tákñasambönd (t.d. ERFIÐ SPURNING) til að græða tíma og haldið þannig orðinu á meðan viðkomandi hugsar um það sem hann vill segja.
		Getur stofnað til samtals, tjáð sig þegar viðeigandi er í samtalinu og lokið því þegar viðkomandi hentar.
		Getur stofnað til, viðhaldið og lokið samtali á viðeigandi hátt, þannig að báðir/allir aðilar samtalsins fái færi á að tjá sig.
		Getur blandað sér í samræður á viðeigandi hátt og með viðeigandi orðræðu.
	Samvinna	Getur tekið saman hvert umræður eru komnar á ákveðnum tímamarki og stungið upp á næstu skrefum.
		Getur hjálpað við að halda umræðum um óþekkt málefni gangandi, staðfest skilning, boðið öðrum að taka þátt, o.s.frv.
		Getur tekið saman og metið aðalatriði í umræðum um málefni innan fræða- eða starfsviðs.
		Getur gagnrýnt og fylgt eftir staðhæfingum og ályktunum og tekið þannig þátt í að þróa samræðurnar.
	Beðið um útskýringu	Getur fullvissað sig á skilningi þess sem sagt er með viðeigandi spurningum og fengið nánari útskýringar á vafaatriðum.
		Getur í óformlegu spjalli (með vinum) beðið um útskýringar eða nánari upplýsingar til að tryggja að viðkomandi skilji flóknar óhlutbundnar hugmyndir.
Getur spurt meðlim hóps spurninga eftirá, til að skýra frekar málefni sem er óskýrt eða illa sett fram.		

B2

MIÐLUN

MIÐLUN		
Miðlun hugmynda	Heildarfærni	Getur þróað frekar hugmyndir annarra og umorðað þær.
		Getur beðið fólk að útskýra nánar skoðanir sínar og meiningu.
	Að auðvelda samskipti milli jafningja B2	Getur hjálpað til við að skilgreina markmið fyrir teymisvinnu og koma með valkosti til að ná þeim.
		Getur spurt spurninga til að halda samtali gangandi.
		Getur tekið þátt í að beina umræðum á rétta braut.
		Getur tekið þátt í að styðja við lausn á vandamáli, lausn sem annar einstaklingur hefur frumkvæði að.
	B2+	Getur tekið eftir hugmyndum og ákvörðunum, rætt þær við hópinn og síðar gefið samantekt yfir viðhorf hópsins.
		Getur haldið utan um hugmyndir og ákvarðanir í hópastarfi, rætt þær við hópinn og búið til skýrslu.
		Getur boðið öðrum að taka þátt, kynnt mál og stjórnað umræðum um málefni sem eru innan fræðilegs- eða faglegs sviðs viðkomanda.
		Getur aðlagað hvernig viðkomandi mótar spurningar, allt eftir viðbrögðum fólks.
	Samvinna við að þróa merkingu B2	Getur hugleitt tvær mismunandi hliðar málsins með rökum með og á móti.
		Getur kynnt hugmyndir sínar í hópi og rætt þær.
		Getur tekið saman lykilatriðin undir lok umræðna
		Getur unnið með hugmyndir og skoðanir annarra.
	B2+	Getur beint athygli fólks að ákveðnum þáttum verkefnisins, með því að spyrja markvissra spurninga eða bjóða öðrum að koma með tillögur.
		Getur hvatt fólk til að leggja sitt af mörkum í umræðu.
		Getur hvatt fólk til að byggja á upplýsingum og hugmyndum hvers annars til að koma með hugmynd eða lausn.
		Getur tekið saman og metið helstu atriði í umræðu um mál sem eru innan faglegs sviðs viðkomanda.
	Stjórn á samskiptum B2	Getur skýrt grundvallarreglur í hópumræðum lítilla hópa.
		Getur útskýrt mismunandi hlutverk þátttakenda í samstarfsferlinu og þannig gefið skýrar leiðbeiningar fyrir samstarfið.
Getur gefið skýr fyrirmæli í skipulagningu para- og hópavinnu og lokið þeim með yfirlitsskýrslum til allra.		
Getur gripið inn í til að takast á við vandamál í hópi og til að koma í veg fyrir jaðarsetningu einhvers þátttakanda.		

B2

		Getur gripið inn í þegar nauðsyn krefur með nýjum leiðbeiningum eða hvatningu til þátttöku allra til að koma hóp aftur af stað í vinnu sinni.
	B2+	Getur gripið inn í með stuðningi til að beina athygli fólks að ákveðnum þáttum verkefnisins, með því að spyrja markvissra spurninga og bjóða öðrum að koma með tillögur.
		Getur fylgst með vinnu einstaklinga og hópa án stuðnings, gripið inn í til að koma hóp aftur á rétta braut eða til að tryggja jafna þátttöku allra.
		Getur skipulagt og stjórnað hópastarfi á skilvirkan hátt.
	Hvatt til hugmyndafræðilegra umræðna	Getur beðið fólk um að útskýra hvernig athugasemd þeirra passar við aðalumræðuefnið.
		Getur byggt á hugmyndum annarra og mótað samfellu úr þeim.
	B2	Getur mótað spurningar og gefið endurgjöf sem hvetur fólk til að víkka út hugmyndir eða skýra skoðanir sínar.
	B2+	Getur tekið þátt í að koma með hugmynd eða lausn byggða á upplýsingum hópsins.
		Getur tekið þátt í að útskýra og útfæra hugmyndir hópsins.
	Miðlun í samskiptum	Heildarfærni
		Getur hvatt til sameiginlegrar samskiptamenningar með því að láta í ljós skilning og ánægju með mismunandi hugmyndir, tilfinningar og sjónarmið, með því að bjóða þátttakendum að leggja sitt af mörkum og bregðast við hugmyndum hvers annars.
Að styðja samskipti á ÍTM		Getur hvatt til sameiginlegrar samskiptamenningar með því að láta í ljós skilning og ánægju með mismunandi hugmyndir, tilfinningar og sjónarmið.
B2		Getur hjálpað til við að skapa sameiginlegan skilning, með því að nota bein/óbein eða skýr/flókin samskipti eftir því sem hentar viðkomandi.
		Getur hvatt til umræðna án þess að vera ráðandi og boðið þátttakendum að leggja sitt af mörkum og bregðast við hugmyndum hvers annars.
		Getur unnið í samstarfi við fólk úr öðrum menningarheimum, þar sem rætt er um skoðanir og sjónarmið, hvað er líkt með þeim og hvað ekki.
B2+		Getur nýtt sér þekkingu sína á félags- og menningarlegum hefðum (s.s. athugasemdir um útlit).
		Getur í samskiptum sýnt ánægju með önnur sjónarmið en viðkomanda eigin og tjáð sig þannig að það passi aðstæðum.
		Getur sett sig í spor annarra, áttað sig á sjónarhorni þeirra og hugsunarhætti og brugðist við á viðeigandi hátt.

B2

		Getur nýtt sér þekkingu sína á félags- og menningarlegum hefðum, til þess að koma á samkomulagi um hvernig eigi að takast á við tilteknar aðstæður sem enginn annar þekkir.
	Milligöngumaður í óformlegum aðstæðum (með vinum og samstarfsfólki) B2	Getur miðlað á ÍTM merkingu þess sem sagt er um viðfangsefni innan áhugasviðs viðkomanda og þegar nauðsyn krefur útskýrt mikilvægi staðhæfinga og sjónarmiða, að því tilskildu að sá sem talar stoppi oft til að leyfa viðkomanda að gera það og gefi skýringar ef þörf er á.
		Getur miðlað á ÍTM merkingu þess sem sagt er þegar verið er að taka á móti e-m, segja gamansögu eða kynna e-ð innan sviðs viðkomanda, túlkað menningarlegar vísbendingar á viðeigandi hátt og gefið viðbótarskýringar þegar nauðsyn krefur, að því tilskildu að sá sem talar stoppi oft til að leyfa viðkomanda að gera það.
	B2+	Getur miðlað á ÍTM ítarlegum upplýsingum, vakið athygli á bakgrunnsupplýsingum og félagsmenningarlegum vísbendingum, sett fram skýringar og fylgst með spurningum eða fullyrðingum eftir þörfum.
	Að auðvelda samskipti í viðkvæmum aðstæðum og við ágreining B2	Getur tekið saman aðalatriði frá aðilunum og dregið fram það sem styður eða hindrar samkomulag.
		Getur nokkuð nákvæmlega lýst helstu atriðum ágreinings og útskýrt afstöðu hlutaðeigandi aðila.
		Getur dregið saman meginatriði þess sem samþykkt hefur verið. Getur spurt spurninga til að komast að því hvert vandamálið er.
	B2+	Getur mótað skýra og nákvæma samantekt á því sem hefur verið ákveðið.
		Getur aðstoðað þá sem eru ósammála að skilja betur hvern annan.
		Getur metið afstöðu eins aðila í ágreiningi, komið með mótrök við skoðun þess aðila og boðið viðkomandi að endurskoða málið.
		Getur hjálpað aðilum sem eru ósammála við að íhuga mismunandi mögulegar lausnir með því að vega kosti og galla hverrar lausnar.
		Getur auðveldað umræðu um ágreining með því að útskýra uppruna vandans, greina frá viðkomandi rökum, gera grein fyrir nauðsynlegum atriðum sem þarfnast úrlausnar og benda á sameiginleg atriði.
		Getur útskýrt aðdraganda að viðkvæmu ástandi eða ágreiningi með því að endurtaka og draga saman punkta.
		Getur mótað opnar og hlutlausar spurningar til að fá upplýsingar um viðkvæm málefni án þess að skapa vandræði eða móðga viðmælandann.
		Getur spurt opinna, hlutlausra spurninga sem valda sem minnstum óþægindum eða vandræðum.

B2

VIÐBÓT

Túlkun	Getur í viðtali lotutúlkað og komið áreiðanlega ítarlegum upplýsingum á framfæri á milli ÍTM og íslensku og gefið aukaupplýsingar til stuðnings, þó að viðkomandi gæti þurft að leita að réttri framsetningu málsins og þurfi stundum að biðja um skýringar á ákveðnum atriðum.
	Getur lotutúlkað á milli ÍTM og íslensku almenn viðfangsefni og/eða innan sviðs viðkomanda og komið mikilvægum fullyrðingum og sjónarmiðum á framfæri, að því tilskildu að þeir sem tala stoppi oft til að leyfa viðkomanda að túlka og gefi skýringar ef nauðsyn krefur.
Að skapa jákvætt andrúmsloft	Getur skapað jákvætt andrúmsloft og hvatt til þátttöku með því að veita stuðning.
	Getur notað þann húmor sem hentar aðstæðum (t.d. gamansögu, brandara eða léttu athugasemd) til að skapa jákvætt andrúmsloft eða beina athygli annað.
	Getur skapað þægilegt umhverfi þar sem hægt er að deila hugmyndum og verklagi, með því að gefa einfaldar skýringar og hvetja fólk til að kanna og ræða málin sem það er að takast á við og tengja það reynslu sinni.
Samantekt á upptöku B2+	Getur skýrt þær skoðanir, markmið og viðhorf ræðumanna sem eingöngu eru gefin í skyn.
	a.1. (almeningur) Getur tekið saman í skýru og skipulögðu máli (bæði á ÍTM og íslensku) þær upplýsingar og rök sem felast í flóknum textum á ÍTM um fjölmörg efni sem tengjast áhugasviðum viðkomanda og sérhæfingu. (flókinn texti á ÍTM er málsýni þar sem miklum látbrigðum og svipbrigðum er markvíst beitt)
	a.2. (túlkanemi) Getur tekið saman í skýru og skipulögðu máli (bæði á ÍTM og íslensku) þær upplýsingar og rök sem felast í flóknum textum á ÍTM um fjölmörg efni sem tengjast áhugasviðum viðkomanda og sérhæfingu. (flókinn texti á ÍTM er málsýni þar sem miklum látbrigðum og svipbrigðum er markvíst beitt; í markmálinu þurfa viðeigandi málfræðiatríði að koma fram)
Persónuleg viðbrögð við skapandi texta sett fram (þ.m.t. bókmenntir)	Engin útlistun tiltæk
Hvatt til rökhugsunar B2	Getur kynnt upplýsingar og leiðbeint fólk að nota þær til þess að finna lausnir sjálft.
B2+	Getur fylgst með umræðum í litlum hópum til þess að tryggja að ekki sé aðeins verið að skiptast á hugmyndum heldur einnig að nota þær til að byggja upp röksemdafærslu eða fyrirspurn.
	Getur fylgst með frammistöðu án afskipta og áhrifa, tekið athugasemdir og síðar gagnrýnt á uppbyggilegan hátt.
Tenging við fyrri þekkingu	Getur útskýrt á einfaldan hátt hvernig eitthvað sem verður kynnt byggir á því sem fólk veit líklega nú þegar.

B2

	Getur vakið athygli fólks á því hvernig eitthvað byggir á þekkingu þeirra með því að útskýra á ÍTM og nota sjónrænan stuðning.
Að brjóta niður flóknar upplýsingar	Engin útlitun tiltæk
Aðlögun máls	B2
	B2+
	Getur útskýrt flókin hugtök með skiljanlegri umorðun.
	Getur aðlagð framsögn sína, áherslur í setningum, hraða málsins og stærð táknrýmis til þess að tala vandað mál, varpa ljósi á mikilvæga þætti og breyta um umræðuefni.
Að hagræða útgefið efni	Getur dregið fram viðeigandi atriði úr mismunandi hlutum frumtextans til að hjálpa viðtakanda við skilning á grundvallaratriðum.
Byggt á fjölmennningarlegri þekkingu	B2
	Getur borið saman eigið táknmál við ÍTM (döff af erlendum uppruna).
	Getur haft samskipti á áhrifaríkan hátt í aðstæðum þar sem leysa þarf verkefni með því að takast á við mismunandi menningarleg málefni. (t.d. döff vs. heyrandi menning; íslensk vs. erlend táknamálsmenning)
	Getur tjáð sig um menningarlegan mun og borið ítarlega saman við eigin reynslu og hefðir. (döff af erlendum uppruna)
	Getur unnið í samstarfi við fólk úr mismunandi menningarheimum og rætt um skoðanir og sjónarhorn sem eru lík og ólík.
	Getur útskýrt túlkun sína á menningarlega sértækum skoðunum, venjum, viðhorfum og gildum og bent á hvað er líkt og ólíkt með eigin menningu og öðrum menningarheimum.
	Getur aðlagð hegðun sína og tjáningu að menningarumhverfinu og forðast hegðun sem viðkomandi er meðvituð um að geti talist ókurteis.
	Getur tekið þátt í menningarheimi ÍTM.
Umgjörð og viðhorf	Getur fengið fólk til þess að skrá sig á atburð.